

Alþingi
Eriandi nr. Þ 136/544
komudagur 16.12.2008



Takmarkanir á auglýsingum RÚV

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) er gert ráð fyrir ýmsum takmörkunum á birtingu sjónvarpsauglýsinga hjá RÚV.

Það er hagar auglýsenda að geta áfram miðlað upplýsingum til neytenda með góðum og hagkvæmum hætti í gegnum sjónvarpsauglýsingar. Framkvæmdastjórn Samtaka auglýsenda (SAU), sem eru hagsmuna- og fræðslusamtök fyrir alla auglýsendur, fagnar því ef ofangreint frumvarp tryggir áfram að svo sé. Slíkt er þó einfaldast að gera með því að kveða á um að RÚV sé óheimilt að sýna auglýsingar t.d. eftir kl. 20 á kvöldin.

Framkvæmdastjórn SAU varar hins vegar við því að RÚV verði „óheimilt að sýna auglýsingar á meðan á útsendingu barnaefnis stendur ... (og) ... að sýna auglýsingar sem beinast að börnum í 10 mínútur fyrir og eftir útsendingu slíks efnis.“ Takmarkanir af framangreindu tagi byggjast á ranghugmyndum leikmanna um áhrif auglýsinga almennt og á börn sérstaklega og eru slæmt fordæmi. Nær væri að takamarka lengd og fjölda dagskrárkynninga RÚV því þær ýta undir kyrrsetu barna.

Framkvæmdastjórn SAU saknar þess að í ofangreindu frumvarpi er ekki tekið á þeim ósóma sem felst í því að RÚV greiðir auglýsinga- og birtingastofum þjónustulaun fyrir að hafa milligöngu um birtingar auglýsinga hjá sér. Þetta leiðir til ógagnsæis og hugsanlegra hagsmunaárekstra. Auglýsendur vita ekki hvort auglýsinga- eða birtingastofurnar eru að ráða þeim heilt varðandi auglýsingabirtingar eða hvort valið á RÚV sem auglýsingamiðli hafi ráðist af því hve það greiddi stofunum há þjónustulaun! Framkvæmdastjórn SAU leggur til að í frumvarpinu verði RÚV bannað að greiða þjónustulaun til stofanna en þess í stað skikkað til að hækka viðskiptaafslætti auglýsenda sem þeim nemur. Auglýsendum væri þá í sjálfsvald sett, eins og eðlilegt er, hvort og þá hvað mikið þeir vildu greiða stofunum fyrir að sjá um auglýsingabirtingar á RÚV fyrir sig.

Framkvæmdastjórn SAU